

Ed.

## 290. Frumvarp til laga

[147. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

### 1. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 8% viðbót við það lágmarksverð á ferskfiski öðrum en síld og loðnu, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Skal viðbótin skiptast þannig, að 5% greiðist mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins.

### 2. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að lækka greiðslur til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda annarra aðila á fjárlögum ársins 1967 um 10%. Þá er ríkisstjórninni einnig heimilt að lækka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 m.kr. frá því, sem ákveðið er í 16. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, með þeirri breytingu, sem ákveðin var með lögum nr. 67 23. des. 1964, um breytingu á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

### 3. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að verja 20 millj. kr. til þess að greiða fiskseljendum verðbætur á línu- og handfærafisk. Þessar greiðslur koma til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

### 4. gr.

Heimilt er að greiða viðbótarbætur á linufisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1966, umfram þá 25 auro á kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 16 16. apríl 1966, að ríkissjóður skyldi greiða. Heildarverðbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1966 skulu þó ekki fara fram úr 20 millj. kr.

### 5. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1966 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

### 6. gr.

Stofna skal sjóð, er hafi það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar eru á árinu 1967, öðrum en síldar- og loðnuafurðum, svo sem fyrir er mælt í 7. gr.

Ríkissjóður greiði til sjóðsins 130 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Verði innstæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjár-

framlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Ella rennur innstæða þessi í ríkissjóð. Ríkissjóður ábyrgist, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar þær, sem á hann eru lagðar í 7. gr.

#### 7. gr.

Sjóður sá, sem um ræðir í 6. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967, aðrar en sildar- og loðnuafurðir. Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verðlag, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verði verðfall á árinu 1967, er nemi meiru en 5% miðað við verðlag 1966, skuli verðbæturnar hækka til viðbótar um 2% af heildarverðlækkuninni fyrir hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%. Greiðsla verðbóta skal þó aldrei vera hærri en 75% af verðlækkun.

Skipta skal freðfiskframleiðslunni í nokkra meginflokka eftir fisktegundum, og skulu verðbætur reiknaðar af hverjum flokki fyrir sig. Um framkvæmd á greiðslum úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir reglum, er sjávarútvegsmálaráðherra setur.

#### 8. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1967, er verja skal til framleiðni- aukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frysstra fiskafurða. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

#### 9. gr.

Á árinu 1967 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar afurðir af öðrum fiski en sild og loðnu eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

#### 10. gr.

Í samráði við samtök framleiðenda og þær lánastofnanir, er sérstaklega starfa fyrir sjávarútveginn, lætur ríkisstjórnin fram fara athugun á rekstraráðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiðnaðarins. Á grundvelli hennar verði gerðar tillögur, er miði að því að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, svo sem með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir. Allar tillögur um eftirgjafir á kröfum ríkissjóðs skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd til samþykktar. Heimilt er fjármálaráðherra að gefa eftir greiðslur stimpil- og þinglýsingagjalda vegna eigendaskipta, sem þurfa að eiga sér stað í sambandi við þessar aðgerðir.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 16 16. apríl 1966, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur verið ljóst síðan á s. l. hausti, að mjög alvarleg viðhorf væru að skapast í sjávarútvegi landsmanna, og þá ekki sízt í freðfiskframleiðslunni, vegna mikils verðfalls á erlendum mörkuðum. Á vegum yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins hafa verið gerðar ýtarlegar athuganir á afkomu frystihúsanna og afkomuhorfum þeirra. Þessar athuganir sýna, að afkoma frystihúsanna var tiltölulega góð á árunum 1964 og 1965, einkum þó síðara árið, og miklu betri en hún hafði verið á árunum þar á undan. Stafaði þessi bætta afkoma bæði af hækkanði verð-

lagi erlendis og umbótum í rekstri. Áætlanir fyrir árið 1966 sýna hins vegar, að afkoman hefur versnað mikið á því ári. Kemur þar til hin mikla hækkun á fiskverði í ársbyrjun 1966, sem fiskiðnaðurinn tók á sig að um það bil tveimur þriðju hlutum, og aukinn tilkostnaður vegna launahækkana á árinu. Fyrir áhrifum fiskverðshækkunarinnar hafði að sjálfsgöðu verið gert ráð, þegar fiskverð var ákveðið með samþykki fiskkaupenda í janúar 1966. Nú bættist það hins vegar við, að þorskaflí minnkaði á árinu 1966, og frystihúsin fengu af þeim sökum minna hráefni en áður, og enn fremur að hin hagstæða verðlagsþróun snerist til hins verra, þegar kom fram á mitt árið. Um áramótin var talið, að verðið á frystum fiskafurðum væri orðið um 11% lægra en meðalverð ársins 1966 og frekari verðlækkunar væru framundan. Þessar niðurstöður sýndu, að frystiðnaðurinn var ekki fær um að greiða herra fiskverð á árinu 1967 en hann hafði gert á árinu 1966. Þær sýndu einnig, að frystiðnaðurinn mundi ekki vera fær um að standa af eigin rammleik undir verðfallinu. Var því ljóst, að ekki yrði komið hjá viðtækum ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins, bæði til þess að tryggja eðlilega útgerð vélbáta til þorskveiða og einnig til þess að tryggja rekstur frystihúsanna.

Frá því að fiskverð var ákveðið í byrjun árs 1966 og þar til fiskverð var ákveðið nú í ársbyrjun 1967, hafði útgerðarkostnaður aukizt nokkuð og kjör sjómanna á þorskveiðum versnað í samanburði við aðrar sambærilegar starfsgreinar, þar sem þeir höfðu ekki notið verðlagsbóta á laun. Nauðsyn bar til, að fiskverð gæti hækkað til þess að jafna þann mismun, sem þannig hafði orðið á kjörum sjómanna á þorskveiðum og annarra starfsgreina, og einnig til þess að draga úr áhrifum hækkunar útgerðarkostnaðar. Áður en til ákvörðunar fiskverðsins kom, gaf ríkisstjórnin yfirnefnd verðlagsráðs til kynna, að hún væri reiðubúin að beita sér fyrir því, að greidd yrði á árinu 1967 8% viðbót á verð landaðs fisks, annars en sildar og loðnu. Með tilliti til þessarar yfirlýsingar ákvað yfirnefndin, að fiskverð skyldi standa óbreytt frá því, sem verið hafði á árinu 1966. Sú viðbót, sem ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir að greidd yrði, svarar um það bil til hækkunar kaupgreiðsluvisitölu frá því fiskverð var ákveðið í upphafi árs 1966, þar til það var ákveðið nú. Ætlunin er, að þessi viðbótargreiðsla skiptist þannig, að 5% viðbót verði greidd mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild Alþingis til þess að inna þessar greiðslur af hendi.

Eftir að fiskverð hafði verið ákveðið tók ríkisstjórnin upp viðræður við fulltrúa frystihúsaeygenda um aðgerðir til stuðnings frystihúsunum. Ríkisstjórnin taldi frá upphafi, að leita ætti lausnar á vandamálum frystihúsanna annars vegar í bættri uppbyggingu iðnaðarins og fjárhagslegri endurskipulagningu hans, en hins vegar í því, að byrðinni af verðfallinu væri að nokkru létt af frystihúsunum. Um þessi tvö atriði hafa viðræður ríkisstjórnarinnar og frystihúsanna snúizt að undanfögnu, og hefur í þeim viðræðum náðst samkomulag um þær aðgerðir, sem þetta frumvarp felur í sér. Það samkomulag hafa Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og frystihús á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga síðan staðfest.

Í sérstöku fylgiskjali er nánari grein gerð fyrir hugmyndunum um endurskipulagningu hraðfrystiðnaðarins, en í 10. gr. þessa frv. eru fyrirmæli um þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu í þessu skyni. Felur sú grein í sér fyrirmæli um þær athuganir, sem fram þurfa að fara, og nauðsynlega heimild fyrir ríkisábyrgðasjóð til eftirgjafar á kröfum á frystihúsin með viðhlítandi skilyrðum.

Ákvæðin um aðstoð til frystihúsanna vegna verðfallsins er að finna í 6. og 7. gr. frumvarpsins. Er þar gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni, að bæta frystihúsunum áhrif verðfallsins að verulegum hluta. Ætlazt er til, að sá sjóður, sem þannig yrði stofnaður, og fengi 130 m.kr. af tekjuafgangi ársins 1966 til ráðstöfunar, gæti orðið visir að almennum verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Sveiflur á verðlagi erlendis hafa á undanfögnu árum valdið fiskiðnaðinum og þjóðarbúinu í heild ýmsum erfiðleikum. Örar verðhækkunar hafa

ýtt undir hækkanir á kaupgjaldi og hráefnisverði, en þessir útgjaldaliðir lækka ekki aftur nema að litlu leyti, þótt verðlækkanir eigi sér stað erlendis. Jöfnun þessara verðsveiflna er því mikið hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn, sem mundi bæta þjóðfélagslega aðstöðu hans og gera rekstur hans og skipulagningu fram á við öruggari og betri. Augljóst er, að skipulag og starfsreglur sjóðs, er hefði það hlutverk að jafna slíkar sveiflur, verða ekki ákveðnar, nema að undanfarinni ræki- legri athugun og rannsókn, þar sem bæði yrði kannað eðli þess vandamáls, sem hér er við að etja, og sú reynsla, sem fengizt hefur af sams konar starfsemi annars staðar í heiminum. Það er því ekki lagt til, að ákvörðun verði tekin um stofnun verðjöfnunarsjóðs með þessu frumvarpi. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að sá sjóður, sem settur verði á laggirnar vegna verðfalls á frystum afurðum, geti orðið vísir að slíkum sjóði framvegis, ef ákveðið yrði að stofna hann að undangenginni nákvæmri athugun. Væri hægt að ljúka þeirri athugun fyrir haustið og setja lög- gjöf um sjóðinn á næsta þingi.

Meginlínurnar í starfsemi verðjöfnunarsjóðs mundu verða þær, að með inn- heimtum í hann og greiðslum úr honum yrðu að nokkru jafnaðar þær sveiflur, sem verða á heildarverðlagi þýðingarmikilla afurðaflokka á milli framleiðsluára. Við mat á verðbreytingum yrði miðað við meðaltalsverð sömu afurða á nokkrum undan- förnum árum. Sé verð á ákveðnu ári fyrir ofan þetta meðaltal, sé innheimt í sjóðinn, en greitt úr honum, ef það er fyrir neðan. Verðjöfnunargreiðslurnar mundu að sjálfsögðu ekki geta orðið nema hluti af heildarverðbreytingunni og væntanlega ekki meira en um það bil helmingur hennar. Þetta mundi þýða, að verðlagsbreyt- ingar fyrir fiskiðnaðinn sjálfan yrðu helmingi minni en nú á sér stað. Verð- sveifluvandamálið er að sjálfsögðu ekki einskorðað við frystiðnaðinn. Öll rök mæla með því, að starfsemi verðjöfnunarsjóðs yrði miklu víðtækari og næði bæði til frystingar, saltfiskverkunar og skreiðarverkunar og einnig til síldariðnaðarins. Einkum er það mikið hagsmunamál fyrir aðrar greinar sjávarútvegsins, að dregið sé úr þeim miklu sveiflum, sem verðlagsbreytingar á síldarafurðum valda. Á hinn bóginn er sjálfsagt, að sjóðurinn starfi í aðgreindum deildum fyrir hverja meginafurð.

Áætlað er, að þær ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, muni krefjast greiðslna, er nemi 130 m.kr. vegna framlags til verð- jöfnunar frystra fiskafurða og 100 m.kr. vegna 8% viðbótar við fiskverðið. Ríkis- stjórnin telur eðlilegt, að framlagið til verðjöfnunar verði greitt af tekjuafgangi ársins 1966, enda er þar um að ræða ráðstöfun á fé til stofnunar varanlegs sjóðs, svo framarlega sem um þetta verða sett lög síðar. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að standa straum af greiðslum viðbótarinnar við fiskverðið, þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim greiðslum á fjárlögum ársins 1967. Augljóst er, að hækkun skatta í þessu skyni mundi ekki samræmast þeirri verð- stöðvunarstefnu, sem fylgt hefur verið að undanfögnu, og sem miklu máli skiptir, að beri sem fyllstan árangur. Er því nauðsynlegt, að útgjöld séu lækkuð sem hinum nýju greiðslum svarar. Er í þessu frumvarpi farið fram á heimild til þess að lækka greiðslur til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda annarra aðila á fjárlögum ársins 1967 um 10%. Er áætlaður sparnaður af þessu 65 m.kr. Þá er jafnframt farið fram á heimild til þess að lækka greiðslur til Jöfnun- arsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 m.kr., en talið er, að greiðslur til sveitar- félaganna ættu á árinu 1966 að nema um 23 m.kr. hærri upphæð heldur en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966. Þar sem sveitarfélögin njóta mjög góðs af árangri verðstöðvunarinnar í lækkun útgjalda frá því, sem ella hefði orðið, telur ríkisstjórnin sanngjarnt, að þau taki nokkurn þátt í þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja framgang þessarar stefnu. Er því hér gert ráð fyrir, að þau leggi í þessu skyni fram 20 m.kr. af þeim umframtekjum, sem þau ella hefðu fengið fyrir árið 1966. Þá er loks gert ráð fyrir, að í reynd muni

framlag til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 reynast 15 m.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Samtals nema þessar upphæðir 100 m.kr.

Undanfarin 3 ár hefur ríkissjóður greitt framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu frysstra fiskafurða, er nam 43 m.kr. árið 1964, 33 m.kr. árið 1965 og 50 m.kr. árið 1966. Einnig hefur ríkissjóður ráðstafað 22 m.kr. á árinu 1965, og 20 m.kr. á árinu 1966, til þess að greiða fiskseljendum viðbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þá hefur tvö s. l. ár verið heimild í lögum til þess að greiða 10 m.kr. til verðbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Augljóst er, að ekki muni fært að fella þessar greiðslur niður eins og aðstæður eru nú í sjávarútveginum. Var þetta þegar ljóst, þegar fjárlög voru undirbúin, og var í þeim gert ráð fyrir 80 m.kr. fjárveitingu til aðstoðar við sjávarútvegin, (16. gr. B, 15), án þess að nánara væri kveðið á um það, hvernig þessi upphæð skyldi skiptast. Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er m. a. ætlunin að setja nánari fyrir- mæli um notkun þessa fjár. Er gert ráð fyrir, að upphæðin skiptist í aðalatriðum á sama hátt og á s. l. ári. Munu 50 m.kr. ganga til framleiðniaukningar frystihús- anna og annarra endurbóta í framleiðslu frysstra fiskafurða. Þá er ætlunin að ráðstafa 20 m.kr. til greiðslu viðbótar við verð línu- og handfærafisks. Á hinn bóginn hefur ekki þótt rétt, eins og nú horfir við, að takmarka notkun 10 m.kr. af fjárveitingunni við skreiðarframleiðsluna eina. Í þess stað er lagt til, að heimilt sé að nota þessa upphæð til greiðslu verðbóta á útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem ráðherra setur. Mundi þá vera unnt að nota þessa upphæð til lausnar aðkallandi vandamála, sem upp kunna að koma í sam- bandi við einstakar afurðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Heimild þessarar greinar tekur til viðbótar við það lágmarksverð á fiski, sem ákveðið var af yfirnefnd verðlagsráðsins þ. 9. janúar s. l., og enn fremur til þess lágmarksverðs á flatfiski, sem ákveðið verður síðar á árinu. Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt ákvæði í 2. gr. laga nr. 1, 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., sem heimilaði ríkisstjórninni að greiða 6% viðbót við það fiskverð, sem ákveðið hafði verið með úrskurði yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar 1964.

Um 2. gr.

Þessi grein hefur að geyma ákvæði um ráðstafanir til að standa straum af þeim kostnaði, sem af greiðslu viðbótarinnar við fiskverðið leiðir. Er gert ráð fyrir, að þessi kostnaður sé um 100 m.kr. Lækkun greiðslna til verklegra fram- kvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda um 10% mun lækka útgjöld ríkis- sjóðs um 65 m.kr. Í fjárlögum ársins 1966 var gert ráð fyrir, að greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mundu nema 162.8 m.kr. á árinu. Vegna meiri inn- flutnings og veltu á árinu má gera ráð fyrir, að þessi upphæð reynist um 186 m.kr., eða 23 m.kr. hærrí en áætlað hafði verið og sveitarfélög höfðu gert ráð fyrir við undirbúning fjárhagsáætlana sinna. Hér er gert ráð fyrir, að 20 m.kr. af þessum umframtekjum gangi til greiðslu kostnaðar þess, sem af viðbótinni við fiskverðið leiðir. Eru þetta rúmlega 10% af heildargreiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er gert ráð fyrir, að í reynd muni framlag til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 reynast 15 m.kr. lægra en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins (20. gr. Út II), eða 35 m.kr. í stað 50 m.kr. Samtals nema þessar upphæðir 100 m.kr.

Um 3. gr.

Á undanförunum tveimur árum hefur ríkissjóði verið heimilað að greiða 25 aura verðbætur á hvert kíló línu- og handfærafisks. Á árinu 1966 voru ætlaðar

í þessu skyni 20 m.kr., og hefur verið gert ráð fyrir sömu upphæð í fjárlögum yfirstandandi árs (16. gr. B, 15). Þar sem línu- og handfæraveiðar hafa reynzt nokkru minni en gert hafði verið ráð fyrir, hefur hin tiltekna upphæð, 20 m.kr., náð að greiða nokkru hærri verðbætur að meðaltali en 25 aura. Í þessu frumvarpi er því ekki gert ráð fyrir, að verðbæturnar séu tilteknar, heldur aðeins sú heildarupphæð, sem verja má í þessu skyni. Er gert ráð fyrir, að 30 aura verðbætur verði greiddar til mailoka, en síðan verði ákveðið, hversu miklu þær geti numið það, sem eftir er ársins.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. apríl 1966, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, greiðir ríkissjóður fiskseljendum á árinu 1966, 25 aura verðbætur á hvert kíló línu- og handfærafisks. Í athugasemdum við frumvarp til þessara laga, er lagt var fram á síðasta Alþingi, var gert ráð fyrir, að þessar verðbætur næmu allt að 20 m.kr. á árinu. Með því að sýnt þykir, að verðbæturnar muni nema lægri fjárhæð en upphaflega var gert ráð fyrir, og þar sem fram hafa komið eindregnar óskir um aukna aðstoð vegna erfiðleika línuútgerðar í landinu, er lagt til, að ríkisstjórninni sé heimilað að greiða viðbótarbætur á linufisk, veiddan frá 1. október til 31. desember 1966. Þessar verðbætur skulu nema þeirri fjárhæð, er afgangsverður af hinni áætluðu heildarfjárhæð, 20 m.kr., þegar fiskseljendum hafa verið greiddar verðbætur á línu- og handfærafisk, samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. apríl 1966, þannig að heildarbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1966 fari ekki fram úr 20 m.kr. Bætur þessar verða reiknaðar út og jafnað niður á hvert kíló linufisks, er aflamagn línu- og handfærafisks á þessu tímabili liggur fyrir endanlega.

#### Um 5. gr.

Þessi grein er hliðstæð ákvæðum í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins á undanförunum tveimur árum, sem nauðsynlegt er að haldist í gildi.

#### Um 6. og 7. gr.

Í þessum greinum er að finna ákvæði um stofnun sjóðs til að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum og almennar reglur um greiðslu þeirra bóta. Er gert ráð fyrir, að bæturnar nái til allra frystra fiskafurða annarra en sildar- og loðnuafurða. Aftur á móti ná bæturnar ekki til annarra frystra afurða en fiskafurða, þar á meðal ekki til frysts humars og rækju. Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu, að sjóðurinn greiði 55% af verðfalli því, er verða kann á milli árunna 1966 og 1967. Sé verðfallið meira en 5%, hækka verðbæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem verðið lækkar umfram 5%. Þannig greiðast 65% við 10% verðfall, en 75% við 15% verðfall. Ekki er gert ráð fyrir, að frekari hækkun verðbóta eigi sér stað, þannig að 75% greiðist, hversu mikið sem verðið fellur umfram 15%. Verðbæturnar skulu reiknast eftir meginflokkum fisktegunda hverjum fyrir sig. Talið er, að meðalverðlag frystra fiskafurða hafi um s. l. áramót verið um 11% lægra en meðalverðlag ársins 1966. Ef áramótaverðlagið héldist óbreytt á árinu 1967, mundu greiðslur úr sjóðnum nema um 100 m. kr. Freðfiskframleiðendur telja hins vegar líkur til þess, að verðfallið reynist enn meira en þetta.

#### Um 8. gr.

Í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem sett hafa verið á undanförunum tveimur árum, hefur Stofnlánadeild sjávarútvegsins verið falið að úthluta fé til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeildin, sem var á vegum Seðlabanka Íslands, hefur nú verið sameinuð Fiskveiðasjóði Íslands. Á hinn bóginn þykir ekki rétt, að úthlutunin sé falin öðrum aðila en um hana hefur séð á undanförunum árum og bezta aðstöðu hefur til

þess að fylgjast með framleiðslu frystihúsanna. Er því hér lagt til, að úthlutunin sé falin Seðlabanka Íslands í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Upphæðin, sem úthluta skal, 50 millj. kr., er óbreytt frá árinu 1966, og er ráð fyrir henni gert í fjárlögum yfirstandandi árs (16. gr. B, 15).

#### Um 9. gr.

Á undanförunum tveimur árum hafa í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins verið heimildir til þess að greiða kr. 10 millj. til verðbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir þessari sömu upphæð innan marka þeirra kr. 80 millj., sem ætlaðar eru til aðstoðar við sjávarútveginn (16. gr. B, 15). Verðlag á skreið hefur nú breytt mjög til hins betra í samanburði við aðrar sjávarafurðir. Þykir því ekki ástæða til að binda þessa upphæð við útflutta skreiðarframleiðslu. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að sérstök vandamál skapist í sambandi við útflutning vissra afurða. Þýðingarmikið er, að hægt sé að nota þessa upphæð til lausnar slíkum vandamálum. Er því gert ráð fyrir því í þessari grein, að heimilt sé að nota upphæðina til ótiltekinna verðbóta á útfluttar afurðir af öðrum fiski en sild og loðnu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

#### Um 10. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um aðgerðir til að bæta uppbyggingu freðfiskiðnaðarins og fjárhagslega skipulagningu hans. Nánari grein er gerð fyrir þeim hugmyndum, sem hér liggja til grundvallar, í sérstöku fylgiskjali.

#### Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Fylgiskjal.

#### Aðgerðir til endurskipulagningar hraðfrystiiðnaðarins.

##### Tilgangur.

Vandamál hraðfrystiiðnaðarins eru að öðrum þræði fólgin í skorti á samræmi á milli afkastagetu á hverjum stað og þess hráefnis, sem fyrir hendi er á staðnum mikinn hluta ársins, og jafnvel á öllum árstímum. Lagfæringar á þessu eru hugsanlegar annars vegar með aðgerðum, sem stuðla að auknu og jafnara framboði hráefnis, hins vegar með aðgerðum, sem miða að breytingu á uppbyggingu iðnaðarins, þ. e. sameiningu frystihúsa eða verkaskiptingu á milli þeirra. Þýðingarmikið er, að samhliða slíkum aðgerðum sé stuðlað að tæknilegum og rekstrarlegum umbótum innan fyrirtækjanna. Jafnframt þarf að gera ráðstafanir til þess að tryggja heilbrigðari fjárhagslega uppbyggingu iðnaðarins en nú er, þar sem óeðlilega miklar skuldir, skortur á eigin fé og lánsfé til langs tíma háir rekstri margra fyrirtækja, þrátt fyrir hagstæða afkomu á árunum 1964—1965.

##### Undirbúningur tillagna.

Fyrsta skrefið til þess að framkvæma lagfæringar af því tagi, sem hér að ofan er lýst, hlýtur að felast í rækilegri athugun á uppbyggingu og fjárhagsaðstæðum iðnaðarins. Þessi athugun ætti jafnframt að ná til ráðstafana til að auka framboð hráefnis og gera það jafnara, að svo miklu leyti sem sérstakar athuganir á þessu sviði, svo sem um endurnýjun togaraflotans, hefðu ekki beinlínis verið faldar öðrum. Athuguninni ætti að ljúka með undirbúningi tillagna um æskilegar skipulagsbreytingar. Sérfræðingar á sviði tækni, rekstrar og fjármála, sem sérstaka reynslu

hafa í fiskiðnaði, ættu að hafa framkvæmd athugunarinnar með höndum. Mundu þeir að sjálfsögðu njóta allrar tiltækrar sérfræðilegrar aðstoðar frá Fiskifélaginu, rannsóknarstofnunum sjávarútvegsins, Efnahagsstofnuninni o. s. frv. Þeir aðilar, sem að athugininni stæðu, og endanlega mótuðu tillögur um endurskipulagninguna, þyrftu hins vegar að vera samtök hraðfrystihúseigenda sjálfra og þær lánastofnanir, sem einkum skipta við sjávarútveginn, svo sem Fiskveiðasjóður, Framkvæmdasjóður, Atvinnuþjófnumarsjóður, Landsbankinn og Útvegsbankinn, svo og Ríkisábyrgðasjóður og fulltrúar ríkisvaldsins.

#### **Framkvæmd.**

Þegar þeirri athugun, sem að ofan er lýst, verður lokið, er komið að erfiðasta þættinum, framkvæmdinni. Til þess að af framkvæmd tillagna af þessu tagi geti orðið, þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þurfa þau fyrirtæki, sem hlut eiga að máli, að hafa sannfærzt um, að framkvæmd tillagnanna stuðli að öflugum og fjárhagslega traustum frystihúsaíðnaði í landinu og sé jafnframt eðlileg og sanngjörn lausn á vandamálum einstakra fyrirtækja. Í öðru lagi þarf að vera séð fyrir allverulegu nýju fjármagni til þess að framkvæma þær breytingar á fyrirkomulagi og rekstri, sem nauðsynlegar reyndust. Í þriðja lagi þarf að vera kleift fyrir Ríkisábyrgðasjóð, og e. t. v. einnig Atvinnuþjófnumarsjóð og Fiskimálasjóð, að gefa eftir skuldir, sem óhjákvæmilegt verður að afskrifa í sambandi við nauðsynlega skipulagsbreytingu. Viðskiptabankar og fjárfestingarlánasjóðir þyrftu jafnframt að geta lengt lán, fellt niður afborganir eða samið um lán að nýju að því leyti, sem þetta reyndist óhjákvæmilegur liður í þessum aðgerðum. Um leið og slík skuldauppgjöf eða lenging lána færi fram af hálfu opinberra sjóða og viðskiptabanka, þyrftu einkaaðilar, sem fyrirtækin skulda, einnig undir vissum kringumstæðum að gefa eftir skuldir, eða breyta þeim í hlutafé. Önnur hlutafjárukning gæti einnig verið nauðsynleg og eðlileg.

#### **Tímasetning.**

Erfitt er um það að segja, hversu langan tíma sú athugun og sá undirbúningur tilagna, sem að framan er lýst, mundi taka, og enn erfiðara er að tímasetja framkvæmd tillagnanna. Nauðsynlegt er þó að setja sér ákveðin markmið í þessu efni. Athuginin ætti að hefjast sem allra fyrst, og henni ætti að ljúka innan nokkurra mánaða. Ætti þá að reynast unnt að ganga frá heildartillögum á grundvelli athugunarinnar fyrir lok þessa árs og hefja um leið framkvæmd tillagnanna. Á hinn bóginn er þýðingarmikið, að lánasjóðir og viðskiptabankar fari sem allra fyrst að miða aðgerðir sínar við þau markmið, sem athuginin beinist að, og hafi samráð við þá, sem að athugininni standa, um lánveitingar sínar á þessu ári. Mætti í þessu skyni hraða sumum þáttum athugunarinnar og einnig beina henni í fyrstu að sérstökum stöðum, þar sem skjótra aðgerða er þörf. Með þessu móti gætu þær ráðstafanir, sem hér eru til umræðu, þegar farið að hafa nokkur áhrif á yfirstandandi ári, þótt þeirra gætti ekki að fullu fyrr en á árinu 1968 eða síðar. Þeim tilmælum verði beint til lánastofnana, að ekki verði gripið til innheimtuaðgerða gegn fyrirtækjum, á meðan athugun á fjárhag þeirra fer fram, enda séu ekki fyrir hendi sérstakar aðstæður, er geri slíkar aðgerðir nauðsynlegar.